

Auglýsing

Svar til „Marshópsins“ um „krækiber og melónu“ frá Ingólfi Guðbrandssyni.

Þar eð Morgunblaðið sá sér ekki fært að birta svar mitt við níðgreininni sl. föstudag með jafnáberandi hætti og upphafsgreinina, birtir Heimsklúbburinn hana hér að nýju á sinn kostnað sem auglýsingu. Haft hefur verið samband við virtan lögmann, sem telur greinina ótvírætt persónunið og varði við lög og mætti kalla hryðjuverk í viðskiptum.

„Allt er hey í harðindum“, segir máltækið. Má e.t.v. heimfæra það upp á „gúrkutiðina“ í fréttum, að Morgunblaðið slái upp jafnfurðulegri grein um ferðalag og sl. föstud., 11. júlí undir fyrirsögninni „Krækiberið og melónan,“ þar sem farið er niðrandi orðum um starfsemi Heimsklúbbs Ingólfs. Slík ummæli hef ég aldrei heyrt áður um nokkra atvinnustarfsemi, og er talið varða við lög.

Sjaldgæf undantekning frá reglunni.

Sem betur fer eru ummæli um starfsemi Heimsklúbbs Ingólfs almennt mjög lofleg, enda nýtur fyrirtækið mikils trausts og viðurkenningar bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Greinin er birt undir fullum nöfn-um og heimilisföngum 8 farþega, sem lögðu leið sína til Karibahafsins hinn 7. mars 2003 í 16 daga ferð, þar af 10 daga með öllu inniföldu, fullu lúxusfæði og öllum drykkjum, hvaða nafni sem nefndust. Að visu voru þátttakendur í þessum hópi sem neituðu að setja nöfn sín undir niðplaggið. Þegar Heimsklúbburinn hóf ferðir þangað fyrir 12 árum var þessi einn vinsælasti vettvangur ferðamanna í heiminum lítt kunnur á Íslandi, en síðan hafa um 2000 landar okkar lagt leið sína þangað á veg-um Heimsklúbbsins, notið þar dýrðardaga við góðar aðstæður og borið ferðunum gott orð, enda margir endurtekið ferðir sínar og gera enn, því að nú eru betri kostir í boði en nokkru sinni fyrr.

Mars var erfiður ferðamánuður.

Lesendum blaðsins hlýtur að vera enn í fersku minni ástandið í mars sl. með nýbyrjaðri innrás í ÍRAK og hinni lífshættulegu HABL-lungna-bólgu, sem olli gífurlegum samdrætti í flugi og ferðalögum almennt. Fyrst nú eru ferðalög að ná sér að fullu á strik eftir það áfall. Að vonum var þátttaka í ferðum í mars í lágmarki hjá Heimsklúbbnum eins og öðrum ferðaskrifstofum á Íslandi og um allan heim, og margar afpant-anir bárust. Því var lengi tvisýnt um framkvæmd umræddrar ferðar. Það heyrir til undantekninga að Heimsklúbburinn hafi þurft að aflýsa ferð, enda veldur slíkt alltaf vonbrigðum hjá einhverjum.

Efnt var til fundar fyrir ferð - bréf sent í ferðalok

Eftir að ákvörðun 10 manns lá fyrir að óska eftir þátttöku í ferðinni, var efnt til fundar með farþegunum, þar sem nákvæmlega var farið yfir tilhögun ferðarinnar lið fyrir lið og stýrði ég þeim fundi sjálfur, svo að rangt var farið með, þar sem sagt er „ekki kom til greina að Ingólfur talaði við okkur sjálfur!“ Á fundinum samþykktu allir „bréfitrarar“ að fara ferðina án sérstaks fararstjóra alla leið, enda er eyjan Dominikana talin mjög öruggt svæði. Rangt er farið með í umræddu bréfi: „Ekki var beint flug frá Orlando til og frá Dominíkana, eins og borgað var fyrir!“ Hér lýsir sér fáfræði bréfitara, fyrir beint flug til Dominíkana frá Orlando var ekki greitt, því ekkert beint flug er til milli staðanna og hefur aldrei verið til í ætlungarflugi, heldur með millilendingu í Miami. Hins vegar kostaði Heimsklúbburinn upp á fargjald og laun starfs-manns í Orlando til að fylgja hópnum á þessari leið til að létta ferðina. Um leið skal þess getið að skráð fargjald á þessari leið frá Íslandi til **St. DOMINGO á Dominíkana kostar um kr. 192.000,- með flugvallarskött-um á mann, en verð ferðarinnar í heild var kr. 176.900,-. Inni í því gjaldi var allt flug, 5 daga gisting í Orlando, 10 dagar með öllu inni-földu á Dominíkana, flutningar á landi við komu og brottför bæði í Or-lando og Dominíkana, og skattar, en ekki fararstjórn, eins og fyrir lá áður en ferðin hófst.**

Fyrrum Grand Hotel MELIA - nú skipt út fyrir CAPELLA BEACH 5*

Því miður er það ekki á valdi einstakra ferðaskrifstofa að ákveða hve margir aðrir farþegar búi á hverjum gististað. Nýlega urðu eigenda-skipti að umræddu hóteli í Juan Dolio, og hefur hótelið verið í einhverju millibilsástandi, þegar umræddir farþegar okkar bjuggu þar, og virðist aðfinnsluefnið aðallega vera fátt fólk á gististaðnum, en „boðið var upp á góða þjónustu í mat og drykk og sólbaðsaðstöðu“, segja bréfitrarar. Ég tjáði öllum farþegum í ferðinni vonbrigði mín og Heimsklúbbsins, að þeir skyldu ekki hafa notið þess að dveljast í þeirri Paradís, sem eyjan Dominíkana óneitanlega er fyrir flesta, og gerði það með bréfi til hvers og eins um leið og komið var aftur til Orlando, og með fylgdi boð mitt um 4 daga amerískan morgunverð á hinu vinsæla ADAM’S MARK hót-eli á minn kostnað.

Nú aðeins boðin CAPELLA BEACH - 5* allt innifalið.

Heimsklúbburinn hefur sagt upp viðskiptum við umrætt Gran Caribe Hotel og býður nú í staðinn CAPELLA BEACH fimm stjörnu hótél með öllu inniföldu sem er í tölu bestu hótela á Dominíkana í listfögru um-hverfi. Vonast Heimsklúbburinn til, að góðir viðskiptavinir njóti þess vel að eyða dýrðlegum dögum í þeirri jarðnesku paradís, og enn hefur samist um **bestukjör fyrir farþega Heimsklúbbsins.**


Tala viðskiptamanna fyrirtækja minna á nærri hálftrar aldar ferli í ferðum um allan heim skiptir í heild orðið tugum þúsunda. Ég er þakk-látur fyrir viðskiptin og það traust, sem ferðirnar hafa notið og sendi ykkur öllum bestu þakkir og góðar óskir, jafnframt því að minna á, að ég er enn með hönd á plögnum að gera út bestu ferðir fyrir Íslendinga, þótt það hafi ekki tekist í umrætt skipti, að mestu fyrir utanaðkomandi aðstæður, sem ekki var á mannlegu valdi að afstýra, en benda skal á að árangur ferðalags verður aldrei fullkominn án jákvæðrar afstöðu þátt-takandans sjálfs.

Öllum heiminum stendur ógn af hryðjuverkum. Áttmenningarnir, sem undirrita óánægjubréfið skrifa það ekki til að krefjast fjárbóta, enda ekki efni til, því að útlagður kostnaður ferðaskrifstofunnar fór langt framúr fargjaldi farþeganna, heldur er tilgangurinn rakið skemmdar-verk - tilraun til að spilla álití og trausti á virt fyrirtæki í alþjóðavið-skiptum.

Reykjavík, 12. júlí 2003.Ingólfur Guðbrandsson, forstjóri.

LISTIR

Skálholtshátíð



Morgunblaðið/Jim Smart

40 ár eru liðin frá vígslu Skálholtskirkju.

Fjörutíu ára vígslu-afmæli Skálholtskirkju

SKÁLHOLTSHÁTÍÐ hefst í dag, föstudaginn 18. júlí, en í ár eru liðin fjörutíu ár frá því að kirkjan var vígð. Það var Bjarni Benediktsson, þá kirkjumálaráðherra, sem afhenti kirkjuna nýbyggðu og Skálholtsstað.

Framkvæmdastjóri hátíðar-innar, Sigurður Sigurðarson vígslubiskup, segir hátíðina verða með veglegra móti að þessu sinni og meðal annars mun Sigurbjörn Einarsson biskup prédika í messu á sunnudaginn. Sigurbjörn vígði kirkjuna 21. júlí fyrir fjörutíu ár-um og átti stóran þátt í að stofnað var Skálholtsfélag sem barðist fyrir endurreisn Skálholtsstaðar.

„Hátíðin hefst í kvöld klukkan 20.30 með flutningi á nýju leikriti, Ólafu, eftir Guðrúnu Ásmunds-dóttur. Verkið verður sýnt í kirkj-unni og að hluta til í skólanum,“ segir Sigurður.

„Á laugardagskvöldið verða

Tvær nýjar íslenskar skáldsögur


NÝTT útgáfufyrirtæki, Agenda ehf., hefur hafið göngu sína í Reykjavík með útgáfu tveggja nýrra, frumsam-inna, íslenskra skáldsagna. Bæk-urnar eru í kiljuformi.



Afrit af deg-inum góða nefnist fyrsta skáldverk **Gunnars Þor-steinssonar**. Í fréttatilkynningu seg-ir m.a.: „Hvað gerðist í lífi kynverunnar

Amalíu daginn góða? Hvert er leynd-armál hinna djörfu mynda í kirkju séra Humpreys? Hvað um mynda-safnið í huga hans sjálfs? Hversu langt mun þessi rannsókn leiða hann af vegi dyggðarinnar? Þetta eru aðeins nokkrar þeirra ótalmörgu spurninga sem velt er upp í skáld-sögunni.“

Bókin er 188 bls., prentuð í Odda. Verð: 1.980 kr.



Spor sak-lausa synd-arans eftir **Jó-hönnu G. Harðardóttur** er fyrsta bók höfundar sem er kennari og blaðamaður.

„Bókin er þroskasaga heiðinnar konu sem stíklar á stóru í lífi sínu og lýsir m.a. efasemdum og fordómum hennar sjálfrar og samferðamanna á veg-ferðinni. Sagan veitir upp ýmsum spurningum um almættið og sam-band okkar við það,“ segir fréttatilkynningu.

Bókin er 134 bls., prentuð í Odda. Verð: 1.980 kr.

Í DAG

Aðalheiður S. Eysteinsdóttir opn-ar sýningu á sex myndum máluðum á tréspjöld í asha-gallerí, Varmahlíð í Skagafirði. Sýningin er liður í verk-inu „40 sýningar á 40 dögum er er opið alla daga frá 10–18 og stendur til 8. ágúst.

Safnahús Skagfirðinga, Sauð-árkróki kl. 20.30 Dagskrá um Sig-urð Guðmundsson málara. Jón Viðar Jónsson, forstöðumaður Leik-minjasafns Íslands, flytur erindi auk þess sem lesið verður úr bréfum og greinum Sigurðar (1833-1874) sem var frumkvöðull á sviði leiklistar, myndlistar og minjavörslu. Sýningin er opin virka daga frá 14–17. Um helgar kl. 15–18. Sýningin stendur til 1. ágúst.

● **Sjá einnig Staður og stund á mbl.is**

Sýnishorn ís-lenskrar hönnun-ar 1952–2002

Í SÝNINGARSAL Hönnunarsafns Íslands að Garðar-torgi 7, Garðabæ, hefur nú verið sett upp sumarsýning á munum í eigu safnsins, jafnt nýjum sem gömlum aðföng-um. Að auki munir í eigu nokkurra hönnuða, sem sjaldan eða aldrei hafa komið fyrir almennings sjónir. Langflest-ir þessara muna eru frá tímabilinu 1955–70, sem var tími töluverðrar nýbreytni í íslenskri húsgagnahönnun, en yngstu munirnir, silfurskálar eftir Pétur Tryggva Hjálmarsson, eru frá árinu 2002. Sýningin veitir innsýn í nokkra þætti þessarar hönnunar, m.a. húsgögn Halldórs Hjálmarssonar, sem gerð hafa verið upp og/eða endur-gerð í tilefni sýningarinnar, sjaldgæf húsgögn eftir Man-freð Vilhjálmsson sem hann hefur fært Hönnunarsafninu að gjöf og nokkur tilbrigði um „séríslenskan“ húsgagna-stíl frá sjöunda áratugnum eftir Gunnar H. Guðmunds-son, Jón Ólafsson og Þorkel Guðmundsson.

Þrír textílar eru á sýningunni, tveir höklar fyrir kven-presta eftir Hólmiríði Arnadóttur frá 1970, gjöf frá hönn-uðinum, og veggteppi frá 1961 eftir Ásgerði E. Búadótt-ur, sem sýnt hefur verið á norrænum hönnunarsýningum víða um heim, m.a. á sýningunni „Scandinavian Modern Design“ í Bandaríkjunum 1982. Ásgerður hefur nýverið falið Hönnunarsafninu vörslu þessa teppis.



Verk eftir Ásgerði Búadóttur.



Jón Ólafsson – Hægindastóll fyrir sumarbústað, um 1970–73.

Loks eru á sýningunni sýnishorn af korpus-silfri eftir tvo kunna gull-og silfursmiði, Guðbrand J. Jezorski og Pétur Tryggva Hjálmarsson. Auk þess sýnir Jens Guð-jónsson hlut úr silfri sem hann hefur „fyrnt“, ólíkan flestu því sem hann hefur gert um dagana.

Jóhann Ingimarsson (Nói), frumkvöðull frá Akureyri, Ragnar Kjartansson leirlistamaður og Sigurgísli Sig-urðsson innanhússhönnuður eiga einnig muni á sumar-sýningunni.

Sýningarstjóri sumarsýningarinnar er Stefán Snæ-björnsson, innanhússarkitekt og formaður stjórnar-nefndar Hönnunarsafnsins. Sýningin er opin samkvæmt umtali á skrifstofutíma. Sýningunni lýkur um mánaða-mótin ágúst-september. Aðgangur er ókeypis.